

Knattspyma:
Leikið gegn
Ungverjum

Knattspyrnusamband Íslands hefur náð samkomulagi við knattspyrnusamband Ungverjalands um tvo landsleiki á milli þjóðanna á þessu ári.

Fyrri leikurinn fer fram í Ungverjalandi 4. maí og sá síðari hér á landi 21. september. Ungverska landsliðið er talið á meðal þeirra bestu í Evrópu og verður gaman að sjá hvernig landsliði okkar vegnar í leikjunum tveimur. Ellert B. Schram, formaður KSÍ, sagði í gær þegar gengið hafði verið frá samningnum við Ungverja: „Það kemur sér afar vel fyrir okkur að fá þessa leiki gegn Ungverjum og ég er auðvitað mjög ánægður með þennan samning. Eg á von á mjög skemmtilegum leikjum og vissulega eru Ungverjar með eitt besta lið Evrópu þannig að þeir eru verðugir andstæðingar.“

-SK/VS

Listamannalaun-
um úthlutað

Listamannalaunum hefur verið úthlutað fyrir árið 1988 og tilkynnti úthlutunarnefnd niðurstöðuna í gær. Nefndin hafði tæplega 6,8 milljónir til ráðstöfunar og hlutu 99 listamenn listamannalaun að þessu sinni. Hver og einn fékk í sinn hlut 68 þúsund krónur.

Samkvæmt undanþágulögum er nú aðeins einn flokkur listamannalauna í stað tveggja áður. Nefndin varð sammála um að þennan flokk skyldu þeir fylla sem sæti áttu í efra flokki listamannalauna á árinu 1987 og fært yrði að bæta 8 nýjum mönnum við. Þeir listamenn eru: Ásgerður Ester Búadóttir myndlistarmaður, Áskell Másson tónskáld, Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld, Hrólfur Sigurðsson listmálari, Nína Björk Arnadóttir rithöfundur, Vigdís Grímsdóttir rithöfundur, Þórunn Elfa Magnúsdóttir rithöfundur og Þuríður Guðmundsdóttir skáld.

-JBj

Biskupstónleik-
ar í Kristskirkju

Í tilefni biskupsvígslu dr. Alfreds Jolsons mun Tónlistarfélag Kristskirkju efna til sérstakra hátíðartónleika í Kristskirkju á sunnudag. Blásarakvintett Reykjavíkur ásamt nokkrum félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands mun flytja verk eftir þrjú þekkt tónskáld; Mozart, Beethoven og Gounod. Þeir voru allir kapólskrar trúar og sömdu oft verk af trúarlegum toga. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og er aðgangur ókeypis.

-JBj

Húsnæðisdagar

Í dag og á morgun verða haldnir almennir Húsnæðisdagar í Byggingarþjónustunni, Hallveigarstig 1. Veittar verða upplýsingar um flest það er varðar húsnæðis- og byggingarmál. Í dag verður opið frá klukkan 10-16 og á morgun frá 13-16.

Athugasemd

Vegna fréttar í DV fimmtudag 4. febrúar vil ég koma eftirfarandi á framfæri: Eg tel ekki rétt að rekja brotthvarf mitt frá Helgarpóstinum til ágreinings við stjórn fyrirtækisins um ritstjórnarstefnu, enda var umræddur ágreiningur að minnsta kosti ekki lengur fyrir hendi.

BÍLAPENINGAR
OG
ÖKUTÆKJASTYRKUR
Í STAÐGREIÐSLU

– Það borgar sig að kynna sér nýju reglurnar vel.

Endurgjaldslaus afnot launamanns af bifreið launagreiðanda eru staðgreiðsluskyld og skulu þau metin honum til tekna þannig:

Fyrir fyrstu	10.000 km	15.50 kr. pr. km.
Fyrir næstu	10.000 km	13.90 kr. pr. km.
Yfir	20.000 km	12.25 kr. pr. km.

Ef launamaður greiðir fyrir afnot af bifreiðinni gjald sem er lægra en framangreint mat telst mismunurinn launamanni til tekna.

Hafi launamaður fullan umráðarétt yfir bifreiðinni skal miða við það að hann aki 10.000 km á ári í eigin þágu eða 833 km á mánuði. Staðgreiðsluskyld hlunnindi hans eru þá 12.912 kr. á mánuði hið lægsta. Fari aksturinn fyrirsjáanlega yfir 10.000 km á ári skal ákveða mánaðarlegan akstur sem 1/12 af áætluðum	heildarakstri á ári. Eknir kílómetrar umfram 833 km skulu þá reiknast á 13.90 kr enda fari heildarakstur ekki fram úr 20.000. Ef launamaður leggur fram gögn með skattframtali er sanna að akstur í eigin þágu hafi verið minni en viðmiðunin skal leiðrétta hlunnindamatið við álagningu.
--	--

Endurgreiddur kostnaður til launamanns vegna afnota launagreiðanda af bifreið hans sem halda má utan staðgreiðslu, er metinn þannig:

Kílómetragjald undir viðmiðunarmörkum:		
Fyrir	1-10.000 km	15.50 kr. pr. km.
Fyrir	10.001-20.000 km	13.90 kr. pr. km.
Fyrir	20.001 km. - >	12.25 kr. pr. km.

Þar eð kílómetragjald er lægra fyrir akstur umfram 10.000 km þarf launagreiðandi að fylgjast með heildarakstri launamanna í hans þágu.

Fái launamaður greitt kílómetragjald frá opinberum aðilum vegna aksturs í þágu þeirra sem miðast við „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ sem Ferðakostnaðarnefnd ákveður má hækka viðmiðunarfjárhæðir sem hér segir:

Fyrir 1-10.000 km akstur – sérstakt gjald	hækkun um 2.55 kr. pr. km.
— torfærugjald	hækkun um 5.60 kr. pr. km.
Fyrir 10.001-20.000 km akstur – sérstakt gjald	hækkun um 2.25 kr.pr. km.
— torfærugjald	hækkun um 5.00 kr.pr. km.
Umfram 20.000 km akstur – sérstakt gjald	hækkun um 2.00 kr. pr. km.
— torfærugjald	hækkun um 4.40 kr. pr. km.

Skilyrði fyrir niðurfellingu staðgreiðslu af ofannefndu er að færð sé reglulega akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launamanni, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer ökutækis.

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI